



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðarmál við Hallsveg/Víkurveg (US190232).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði leggja það til að lagfæring verði gerð á gatnamótum Hallsvegur/Víkurvegur þar þarf að fara fjórum sinnum yfir götu til að þvera veginn. Þarna eru engar sebrabrautir og engin gönguljós. Fulltrúarnir leggja það til að þarna verði setta sebrabrautir eða gönguljós til þess að auka öryggi þeirra sem eru gangandi og hjólandi líkt og er á öðrum sambærilegum gatnamótum í Grafarvogi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra.

Umsögn:

Í ofangreindri tillögu felst að breytingar verði gerðar á gönguleið yfir Hallsveg, þar sem hann mætir Víkurvegi, á þann hátt að þar verði sett merkt gangbraut eða gönguljós.

Vegagerðin er veghaldari Hallsvegur og Reykjavíkurborg er veghaldari Víkurvegur. Reykjavíkurborg vinnur í samræmi við leiðbeiningar um gönguþveranir sem útgefnar eru af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg. Leiðbeiningarnar, sem bera heitið *Gönguþveranir - Leiðbeiningar*, eru aðgengilegar á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Meginmarkmið leiðbeininganna er að samræma ákvarðanir um útfærslu gönguþverana og í inngangskafli þeirra er vísað til þess að í vissum tilvikum geti merking gangbrauta, án annarra aðgerða, veitt falska öryggiskennd. Því er mikilvægt að gera merktar gangbrautir eins öruggar og hægt er með öðrum aðgerðum. Ef fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda sem þvera götuna er lítil, í hlutfalli við umferð bíla, getur öryggi þeirra sem þvera á gangbraut verið minna en ef hún væri ekki til staðar. Vísasta aðgerðin til að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gönguþveranir er að tryggja lágan aksturshraða við þær.

Ekki hafa orðið slys á gangandi eða hjólandi vegfarendum á gatnamótunum samkvæmt skráningu Samgöngustofu, 2007-2021. Samkvæmt talningu á gatnamótunum sem framkvæmd var yfir um sex klukkustunda tímabil þann 7. nóvember 2019, milli klukkan 7.00 – 10.00 og 15.30 - 18.30, þveruðu 55 manns gatnamótin, þar af 27 gangandi og 28 hjólandi. Ársdagsumferð á Hallsvegi, vestan Víkurvegur, í mars 2018 var um 3,5 þúsund ökutæki á sólarhring. Hraðamælingar sem gerðar hafa verið benda til þess að aksturshraði sem nokkuð hærri en hámarkshraði segir til um.

Ekki er algengt að sett séu gönguljós í borginni á gatnamótum án umferðarljósastýringar. Þó má finna þess dæmi, svo sem á gönguþverun yfir Eiðisgranda við Keilugranda. Um þau fer



sambærilegur fjöldi gangandi og hjólandi vegfarenda, þ.e. samtals 46 á sex klukkustunda tímabili við síðustu talningu í febrúar 2019, en ársdagsumferð á Eiðsgranda er rúmlega þreföld á við umræddan kafla á Hallsvegi eða um 12 þúsund ökutæki á sólarhring.

Með hliðsjón af fyrrnefndum leiðbeiningum og framangreindum forsendum er það mat sérfræðinga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar að umferð um Hallsveg sé of lítil til að ráðlagt sé að koma þar fyrir sérstökum gangbrautarljósum. Til greina kemur að skoða breytingar á útfærslu gatnamótanna til að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur, t.a.m. með því að fjarlægja beygjuframhjáhlaup. Það er þó háð forgangsroðun slíkra aðgerða í borginni og samþykki Vegagerðarinnar.

Komi til þess í framtíðinni að ljósaþýring verði sett á gatnamót Hallsvegar og Víkurvegar, má vænta þess að þar verði einnig sett gönguljós, til dæmis ef Hallsvegur verður framlengdur áfram austan gatnamótanna. Í því tilfelli þyrfti einnig að meta hvort aðrar lausnir séu æskilegar til að stýra umferð á gatnamótunum eins og hringtorg.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri